

VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF
Ármúla 3. Sími 605060

SÝNISHORN

STARFSÁBYRGÐARTRYGGING

FASTEIGNA- OG SKIPASALA

Skilmáli nr

Alþingi

Erindi nr. Þ 121/209

komudagur 27/11 1996

Sbr. 5. tl. 1.málsg. 2. gr. laga nr. 34/1986 og 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 520/1987, sbr. reglugerð nr. 161/1994.

Um váttrygginguna gilda lög nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga, ef eigi leiðir annað af skilmálum þessum eða öðrum ákvæðum váttryggingarsamnings.

1.gr. Gildissvið váttryggingarinnar

Váttryggt er gegn bótaskyldu, er fellur á váttryggingartaka sem fasteignasala, þegar þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni, sem rakið verður til váttryggingartaka sjálfs eða starfsmanns hans. Váttryggingin gildir hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

2.gr. Undanskilin áhætta

Váttryggingin tekur ekki til ábyrgðar, sem rakin verður til:

1. Þess að váttryggingartaki tekur á sig ábyrgð, sem er vðtækari en almenn bótaskylda hans sem fasteignasala,
2. sekta, sem falla á váttryggingartaka eða þriðja mann,
3. slyss á manni, annars líkamstjóns eða skemmda á munum.

3.gr. Váttryggingarfjárhæð

1. Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks tjónsatviks takmarkast við 4.500.000 kr. (að frádreginni eigin áhættu). Heildargreiðsla félagsins vegna allra tjónsatvika innan hvers váttryggingartímabils getur þó ekki orðið hærri en 9.000.000 kr. (að frádreginni eigin áhættu).
2. Félagið greiðir kostnað, sem eðlilegt er að váttryggingartaki stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr váttryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti, sem

váttryggingartaki er dæmdur til að greiða af skaðabótakröfu, sem váttryggingin tekur til.

3. Sé váttryggingarfjárhæðin minni en dæmdar skaðabætur, er félaginu þó aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar, er svarar til bótafjárhæðar þeirrar, sem því ber að greiða.

4.gr. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu, sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittum. Fjárhæð þessi breytist árlega eftir vísitölu, sbr. 11. gr. váttryggingarskilmálanna. Eigin áhætta váttryggingartaka hefur ekki áhrif á réttarstöðu þriðja manns.

5.gr. Tímatakörk

Komi afleiðingar atvika, sem tjón hefur hlotist af og gerst hafa á váttryggingartímanum, ekki í ljós fyrir en váttryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið samt sem áður bætur. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón vegna atvika, sem verða áður en váttryggingartíminn hefst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrir en á váttryggingartímanum, sbr. 91.gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga.

6.gr. Önnur váttrygging

Váttryggingin tekur ekki til hagsmuna, sem einnig eru váttrygðir með annarri váttryggingu.

7.gr. Ráðstafanir vegna tjóns

1. Jafnskjött og váttryggingartaki fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum, ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.
2. Félagið er ekki bundið af því, ef váttryggingartaki viðurkennir skaðabótakröfu, nema leitt sé í ljós, að váttryggingartaki gerði aðeins það, sem honum var

skyld að lögum, er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti hennar.

3. Félagið má greiða skadabætur beint til þriðja manns (tjónþola), nema hann hafi þegar fengið tjón sitt bætt hjá váttryggingartaka.

8.gr. Aukin áhætta

Verði breytingar á atvikum eða upplýsingum, sem félaginu hefur verið skýrt frá í váttryggingarbeiðni eða á annan hátt, skal váttryggingartaki tilkynna félaginu um þær.

9.gr. Greiðsla iðgjalds

1. Félagið krefur váttryggingartaka um greiðslu iðgjalds með því að senda gróseðil til þess heimilisfangs, sem váttryggingartaki hefur tilkynnt félaginu.
2. Iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers váttryggingartímabils.
3. Iðgjaldið skal greiða innan þess frests, sem greindur er í gróseðli.
4. Sé iðgjald ekki greitt innan frestsins, sendir félagið ítrekun.
5. Nú er iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu ítrekunar og er ábyrgð félagsins þá lokið, sbr. þó 12. gr.

10.gr. Endurkröfuréttur

1. Bæti félagið tjón, sem þriðji maður ber ábyrgð á, öðlast það rétt váttryggs gagnvart honum að því marki sem bóttunum nemur.

2. Félaginu er heimilt að endurkrefja váttryggingartaka, hafi tjón orðið vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis hans eða starfsmanns hans. Sama rétt á félagið gagnvart starfsmanni, sem valdið hefur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

11.gr. Vísitölubreytingar

Váttryggingarfjárhæð skv. 3. gr. er miðuð við lánskjaravísitölu 3346 stig. Skal hún breytast í hlutfalli við breytingar á lánskjaravísitölu. Iðgjaldið breytist á sama tíma.

12.gr. Gildistaka og lok váttryggingar

1. Váttryggingin tekur gildi, þegar félagið samþykkir váttryggingarbeiðni. Sé ekki um annað samið, gildir váttryggingin til næsta árlegs gjalddaga kl. 00 og framlengist um eitt ár í senn, nema henni sé sagt upp skriflega með minnst eins mánaðar fyrirvara miðað við árlegan gjalddaga.
2. Váttryggingunni lýkur, ef váttryggingartaki fullnægir ekki lengur lögmæltum skilyrðum til löggildingar sem fasteignasali.
3. Enda þótt váttryggingin sé fallin úr gildi, ber félagið ábyrgð gagnvart tjónþola (þriðja manni) á hverju tjóni, sem rekja má til tjónsatvika, sem verða þar til átta vikur eru liðnar frá því að félagið tilkynnti dómsmálaráðuneyti um, að váttrygging væri fallin úr gildi, nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið sett.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. apríl 1994.

VÁTRYGGINGAEFTIRITID

Símbref

Viðtakandi:	<i>Júgrun</i>
Fyrirtæki:	<i>Þrimsmálaráðuneytið</i>
Bréfsími:	<i>552 7340</i>
Síður, þessi meðtalin:	<i>3</i>
Sendandi:	<i>Karla Kyjólfsdóttir</i>

Reykjavík: *26.11.1996*

tilvísun: _____

Skilaboð:

Sendi þú þetta slv. símtali.

Með kveðju

Karla Kyjólfsdóttir